

Nr. 087 / 16 Skógafoss***Skipverji slasast við fall***

IMO.nr. 9375252
Fánaríki Antigua & Barbuda
Útgerð: Eimskip
Smíðaður: Kína 2007, stál
Stærð: 7.545 BT
Mesta lengd: 130 m
Breidd: 20 m
Vél: MAK 7200 kW, 2007
Fjöldi skipverja: 11



Skógafoss©Hilmar Snorrason

Gögn:
Slysaskrá frá skipi
Lögregluskýsla
Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 29. maí 2017 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasoni, Pálma Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Pann 10. september 2016 var Skógafoss við bryggju á Ísafirði.

Skipverji var að vinna við að tengja frystigáma þegar hann féll af þilfari og niður á bryggju. Myndin sýnir hvar skipverjinn stóð þegar hann féll.



Við rannsókn kom fram:

- að slasaði var að tengja frystigám í annarri hæð á bakborðssíðu skipsins í svokölluðum Bay 21;
- að hann stóð á palli sem var áfastur stoð undir gáma og var að toga niður tengikapall úr frystigám úr annarri hæð;
- að pallurinn var lítill, háll af bleytu og engin handrið né önnur handfesta á honum til að tryggja öryggi;
- að hann féll af pallinum og niður á bryggju sem var um 5 – 6 metra fall;
- að hann handleggsbrotnaði á vinstri hendi, nokkur rifbein brotnuð og brákaðist á viðbeini;
- að skipið var erlent tímaleiguskip með þrjú starfsmenn leigutaka um borð, hleðslumann, kranamann og viðgerðarmann fyrir frystigáma. Þeir tilheyrðu ekki áhöfn skipins en það var viðgerðarmaðurinn sem slasaðist;
- að viðgerðarmaðurinn kvaðst hafa verið þreyttur, vakað alla nóttina og aðstæður blautar.

**Nefndarálit:**

Orsök slyssins má rekja til slæmra og varhugaverðra vinnuaðstæðna.

Nefndin telur að öryggi manna hafi ekki verið tryggt og rekkverk á pallinum hefði getað komið í veg fyrir atvikið.